

Mál nr. 27/2014
M og
V1 v/bifreiðarinnar A og V2 v/ bifreiðarinnar B.

Árekstur á Reykjanesbraut í Reykjanesbæ 24. nóvember 2013.

Gögn.

1. Málskot móttakið 21. janúar 2014 ásamt gögnum.
2. Bréf V1 dags. 23. janúar 2014.
3. Bréf V2 dags. 23. janúar 2014.

Málsatvik.

Skv. sameiginlegri tjónstilkynningu ökumanna bifreiða A og B var bifreið A ekið af götunni Stekk út á Reykjanesbraut og bifreið B var ekið um Reykjanesbraut, þannig að hún lenti aftan á bifreið A þegar sú bifreið var komin út á Reykjanesbraut. Athugun á vettvangi staðfestir að stöðvunarskylda er fyrir umferð af Stekk inn á Reykjanesbraut.

M telur að ökumaður bifreiðar B hafi ekið aftan á bifreið A um 100-150 metrum frá gatnamótum Stekks og Reykjanesbrautar, til móts við verslun Hagkaups við Fitjar. Ökumaður bifreiðar A hafi því sinnt stöðvunarskyldu sinni áður en hann ók inn á Reykjanesbraut og áreksturinn megi fyrst og fremst rekja til hraðaksturs bifreiðar B.

Á bakhlið sameiginlegrar tjónstilkynningar kemur fram að ökumaður B telur að ökumaður A hafi ekið af stöðvunarskyldu í veg fyrir sig. V2 tekur undir þau sjónarmið og telur ósannað að áreksturinn hafi orðið 100-150 metra frá fyrrnefndum gatnamótum auk þess sem ekki sé sannað að ökumaður A hafi ekið of hratt í greint sinn. Í bréfi V1 kemur fram að félagið hafi ekki sérstakar athugasemdir vegna málsins.

Álit.

Í málinu er óumdeilt að bifreið A var skömmu fyrir áreksturinn ekið inn á Reykjanesbraut af gatnamótum við Stekk en stöðvunarskylda er fyrir slíka umferð. Bar ökumanni A því að veita umferð um Reykjanesbraut forgang skv. 1.mgr. 25.gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Ágreiningur er með aðilum hvar árekstur varð með bifreiðunum, þ.e. hvort hann varð það langt frá gatnamótunum að ætla megi að ökumaður bifreiðar A hafi verið búinn að virða stöðvunarskyldu sína. Í gögnum málsins kemur ekki nákvæmlega fram hvar árekstur varð. Í ljósi skyldu ökumanns A til að veita umferð um Reykjanesbraut forgang ber hann hallann af þeim sönnunarskort. Ekki telst heldur sannað að ökumaður bifreiðar B hafi ekið hratt eða með öðrum hætti gáleysislega þannig að hann beri einnig sök. Verður því öll sök lögð á ökumann bifreiðar A.

Niðurstaða.

Öll sök á bifreið A.

Reykjavík 7. febrúar 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.